



Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. ágúst 2019
1906152/0.4.1/adm

Efni: Umsögn um drög að stefnu um málefni einstaklinga með heilabilun
(Samráðsgátt. Tilvísun ráðuneytis: S-151/2019)

Embætti landlæknis fagnar drögum að stefnu um málefni einstaklinga með heilabilun og þakkar Jóni Snædal fyrir vandaða vinnu. Landlæknir tekur undir mikilvægi þess að forvarnir og meðferð heilabilunar verði tekin föstum tókum. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur bent á að einstaklingum með heilabilun fjölgar mjög, jafnvel um 100% á næstu 20-30 árum en kostnaður er nú áætlaður um 1.1% vergrar þjóðarframleiðslu¹. Þá er talið að um 20% aðstandenda fái geðræn einkenni eða sjúkdóma. Samtímis fara almenn útgjöld til heilbrigðismála vaxandi, erfitt er að manna heilbrigðiskerfið og vinnufærum einstaklingum, eins og við skilgreinum í dag, fækkar hlutfallslega. Bent er á að verði ekkert að gert geti heilabilun haft neikvæð áhrif á félags- og efnahagslegra framþróun.

Nú hefur Alþingi samþykkt heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Embætti landlæknis vill leggja til að þær stefnur sem samþykktar verða eftirleiðis verði skrifaðar út frá heilbrigðisstefnunni, t.d. með sömu aðal fyrirsögnum. Ekki væri úr vegi að heilbrigðisráðuneytið hannaði form fyrir framtíðarstefnur. Þessi athugasemd lítur ekki að stefnu varðandi heilabilun sem skrifuð var áður en heilbrigðisstefnan var samþykkt.

Athugasemdir embættis landlæknis út frá köflum stefnudraganna eru tíundaðar hér fyrir neðan.

Kafli 3. Skilgreiningar

Hjálplegt væri að hér yrði sameinast um og sett yrðu fram þau ICD númer sem eiga við hverja skilgreiningu. Það mun augljóslega gagnast þegar farið verður að halda gagnagrunn um einstaklinga með heilabilun á Íslandi.

¹ Towards a dementia plan: a WHO guide. 2018.